

34 læknar útskrifaðir frá Háskóla Íslands



Á KVENRÉTTINDADAGINN 19. júní útskrifaði lækna- deild Háskóla Íslands 34 nýja lækna og að vanda var þeim boðið til teitis í húsakynnum Læknafélags Íslands daginn áður. Þar undirrituðu þeir heitstaf lækna, hlýddu á hollráð sér eldri lækna og nutu veit- inga í boði félagsins.

Allt var þetta með hefðbundnu sniði, að því frá- töldu að formaður LÍ, Sigurbjörn Sveinsson, var fjarri góðu gamni svo það kom í hlut Jóns Snædal varaformanns að bjóða gestina velkomna. Hann lýsti fyrir þeim kostum þess að ganga í LÍ og önnur félög lækna sem væru mörg enda væri það þannig að þegar undirsérgrein teldi þrjá sérfræðinga væri stofnað félag um hana.

Stefán B. Sigurðsson deildarforseti læknaeildar tók örlítið forskot á útskriftina og ávarpaði nýju lækna og svo tók Sigurður Guðmundsson landlækn- ir til máls og sagði meðal annars að þessi nýju læknar væru örugglega betri en hann og hans jafnaldrar því ef svo væri ekki hefði þeim eldri mistekist eitthvað. Lestina rak svo Óskar Einarsson formaður LR sem bauð nýju læknum að setjast við borð, undirrita heitorð lækna og þiggja eintök af lögum LÍ og kjarasamningum félagsins sem þar lágu frammi.

Eftir að menn höfðu undirritað og gert veiting- unum skil voru veittar viðurkenningar úr Minn- ingarsjóði læknanema en hann var stofnaður í fyrra í minningu Sigríðar Reynisdóttur læknanema sem hefði að réttu átt að útskrifast vorið 2003 en lést áður en að því kom. Sjóðnum er ætlað það hlutverk að efla rannsóknarstörf unglækna og er þetta í annað sinn sem hann veitir læknanemum viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur á skriflegu prófi í lyflæknisfræði. Að þessu sinni hlutu viðurkenninguna Ragnar Freyr Ingvarsson og Berg- lind Þóra Árnadóttir.

Helga Eyjólfsdóttir læknakandídat afhenti viður- kenningarnar og skýrði hún blaðamanni frá því að enn hefði enginn hlotið úthlutun úr sjóðnum og staf- aði það af því að enginn hefði enn sótt um. Það er því greinilega þörf á að vekja athygli þeirra unglækna sem stunda rannsóknir á tilveru þessa sjóðs og hvetja þá til að sækja um styrk úr honum.

—PH

Nýir læknar

Andri Valur Sigurðsson
 Ágúst Ingi Ágústsson
 Árni Grímur Sigurðsson
 Áskell Yngvi Löve
 Berglind Þóra Árnadóttir
 Björn Logi Þórarinsson
 Davíð Björn Þórisson
 Dögg Hauksdóttir
 Emil Árni Vilbergsson
 Friðný Heimisdóttir
 Gísli Björn Bergmann
 Guðrún Dóra Clarke
 Gunnþórunn Sigurðardóttir
 Haraldur Már Guðnason
 Hjördís Sunna Skírnisdóttir
 Hólmfríður Lydía Ellertsdóttir

Jakob Pétur Jóhannesson
 Jóhann Páll Ingimarsson
 Jóhann Davíð Ísaksson
 Jón Þorkell Einarsson
 Jónas Geir Einarsson
 Kolbrún Pálsdóttir
 Lýður Ólafsson
 Margrét Kristín Guðjónsdóttir
 Ólöf Víktorsdóttir
 Pétur Snæbjörnsson
 Ragnar Freyr Ingvarsson
 Rakel Sif Guðmundsdóttir
 Sigurdís Haraldsdóttir
 Steinunn Þórðardóttir
 Þorgeir Gestsson
 Þóra Sif Ólafsdóttir
 Þórður Guðmundsson
 Þurý Ósk Axelsdóttir